

# Rýni á tillögum frá Barna- og ungmennapingi Reykjanesbæjar 2023

Í samfélagi þar sem lýðræðisleg þátttaka er lykilatriði í að móta framtíðina er þátttaka ungs fólks ekki aðeins réttur þeirra, heldur nauðsyn. Við stöndum frammi fyrir þeirri áskorun að hvetja unga fólkið okkar að taka virkan þátt í lýðræðinu, ekki síst í ljósi þess að þátttöku þeirra í kosningum og annarri ákvarðanatöku er ábótavant. Það er mikilvægt að við hvetjum ekki bara unga íbúa í Reykjanesbæ til að kjósa, heldur gerum þeim kleift að hafa raunveruleg áhrif á stefnumótun og ákvarðanir sem hafa áhrif á þeirra eigin framtíð.

Á 48. fundi Sjálfbærniráðs Reykjanesbæjar, þann 28. febrúar kynnti Ólafur Bergur Ólafsson, umsjónarmaður Ungmennaráðs Reykjanesbæjar, niðurstöður Barna- og ungmennapings sem haldið var 19. október 2023. Óhætt er að fagna þinginu og óska ungmennunum sem að því stóðu og aðstoðarfólki þeirra til hamingu með faglega og vel unna vinnu.

Í kjölfarið var m.a. eftirfarandi bókað í fundargerð ráðsins: „Sjálfbærniráð mun rýna í tillögurnar milli funda og kanna hvaða atriði eiga heima hjá ráðinu til frekari skoðunar og framkvæmdar.“

Hér fyrir neðan má sjá niðurstöður úr rýni neðangreindrar.

Niðurstöður og tillögur þingsins voru flokkaðar eftir málaflokkunum íþróttum, menntun, menningu, tómstundum og frítíma, umhverfi og samgöngum, og lýðheilsu.

Við rýni undirritaðrar kom glögglega í ljós að jafnframt mætti flokka niðurstöðurnar í nokkur þemu:

- Upplýsingagjöf og auglýsingar
- Sama aðstaða og tækifæri óháð skóla
- Fræðslu- og menntun
- Forvarnir og velferð

## Upplýsingagjöf og auglýsingar

Í niðurstöðunum má greinilega sjá að ungmennunum okkar þykir skorta upp á upplýsingagjöf varðandi marga mikilvæga þætti.

- Auglýsa íþróttir betur í grunnskólum Reykjanesbæjar. (Íþróttir)
- Auglýsum hvatagreiðslur betur til ungmenna á aldrinum 13-18 ára. (Íþróttir)
- Auglýsa Frístundir.is betur til barna og ungmenna. (Íþróttir)

- Auglýsa tómstundir betur í skólum og á samfélagsmiðlum. (Tómstundir)
- Mætti auglýsa betur viðburði fyrir börn og ungmenni. (Menning)
- Hafa meira áberandi hvert hægt er að leita til að fá aðstoð. (Lýðheilsa)

Með betri upplýsingagjöf getum við hvatt fleiri ungmenni til þátttöku á hinum ýmsu sviðum. Við getum tryggt að þau séu betur upplýst um tækifæri, stuðning og viðburði sem efla þátttöku þeirra og velferð í samfélaginu.

## Sama aðstaða og tækifæri óháð skóla

Nemendum þykir vera hægt að gera betur til að tryggja að öll fái jafn góða aðstöðu fyrir skóla og félagslíf, og að öll fái þau sambærilegt nám.

- Samræma þarf námsefni í grunnskólum Reykjanesbæjar. (Menntun)
- Meira samstarf milli grunnskóla í Reykjanesbæ. (Menntun)
- Það þarf að leggja miklu meiri kraft í nemendaráð grunnskólanna! Við viljum að öll hafi sömu tækifæri óháð því í hvaða skóla þau eru. (Menntun)
- Skólalóðir ættu að vera samræmdar milli skóla, passa þarf að þær séu svipað stórar og með svipaða aðstöðu. (Einnig: „Betri aðstaða fyrir nemendur Myllubakkaskóla“). (Menntun)
- Byggja ætti félagsmiðstöðvar í skólana sem verið er að byggja upp á nýtt. (Menntun)

Samræming námsefnis og aðstöðu milli grunnskóla Reykjanesbæjar, ásamt auknu samstarfi þeirra, tryggir að öll ungmenni njóti sömu tækifæra bæði á sviði menntunar og félagslegrar þátttöku.

## Fræðsla og menntun

Kallað er á aukna fræðslu um mikilvæg málefni og að ekki sé munur á milli skóla þegar kemur að efnistöfum.

- Við viljum markvissa og stöðuga fræðslu um málefni sem skipta okkur máli. (Menntun)
- Það má fræða börn fyrir um mikilvæg málefni. (Menntun)
- Samræma þarf námsefni í grunnskólum Reykjanesbæjar. (Menntun)
- Foreldrar okkar eiga að fá sömu fræðslu og við fáum til að við getum spjallað um þær við þau heima líka. (Lýðheilsa)
- Fræða meira um áhrif símanotkunar. (Lýðheilsa)
- Fá meiri fræðslu um lýðheilsu og hvernig hægt er að efla hana. (Lýðheilsa)
- Hvetjum alla íbúa til að tala opinskátt um andlega heilsu... (Lýðheilsa)

Með aukinni fræðslu um mikilvæg málefni og með því að tryggja að allir fái aðgang að þeirri fræðslu verður unga fólkið okkar bæði upplýstari og heilbrigðari einstaklingar.

# Forvarnir og velferð

Ungt fólk í Reykjanesbæ kallar á heilbriggt umhverfi og félagslegan stuðning.

- Hvetja börn til að vera í virkni og grípa börnin sem eru ekki í virkni betur. (Tómstundir)
- Auka þarf aðgengi að skólahjúkrunarfræðingum og auglýsa það betur. (Menntun)
- Fáum til starfa félagsráðgjafa í alla grunnskóla sem við getum leitað til hvenær sem er með allskonar mál. (Lýðheilsa)
- Hvetjum alla íbúa til að tala opinskátt um andlega heilsu og eflum íbúa til að vera með fjölbreytt verkefni sem bætir lýðheilsu allra. (Lýðheilsa)
- Hvetja sálfræðinga til að koma til Suðurnesja. (Lýðheilsa)
- Að starfsmenn Reykjanesbæjar hafi aðgang að sálfræðipjónustu í erfiðum málum. (Lýðheilsa)
- Virðum útivistartíma betur. (Tómstundir)
- Mikil drykkjumenning ungmenna og fullorðinna á Ljósanótt, mætti reyna að sporna við þessu með einhverjum hætti. (Menning)

Þegar ungmenni taka þátt í forvörnum og velferðarmálum, frá heilbrigði til félagslegra aðstæðna, stuðla þau ekki aðeins að heilbrigðara samfélagi, heldur gegna þau lykilhlutverki í að ná til jafnaldra sinna.

## „Ekkert um okkur, án okkar”

Ljóst er að börnunum okkar og ungu fólki er langt frá því að vera sama um samfélagið sitt, enda eru þau stórir hagaðilar. Á sama tíma stöndum við frammi fyrir þeirri áskorun að ungir íbúar í Reykjanesbæ eru ekki að skila sér á kjörstað og þátttöku íbúa í lýðræðislegu ferli almennt er ábótavant.

Allt of oft sitja fullorðnir einstaklingar og ráða ráðum sínum um mál þar sem börn og ungmenni eru stórir, og jafnvel stærstu hagaðilarnir, án þeirra aðkomu. Við getum öll verið sammála um að það er líklegast til árangurs þegar allir hagaðilar sitja saman við borðið.

Aukið samráð við unga fólkið okkar er einnig í fullkomnu samræmi við 12. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem Reykjanesbær hefur innleitt: „Börn eiga rétt á því að fá að taka þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku í öllum málum sem þau varða”.

Aukin þátttaka ungmennanna okkar hefur einnig fjölmarga aðra kosti í för með sér.

## Lýðræðisleg þátttaka

Lýðræðisleg þátttaka ungra borgara eykur skilning á lýðræðinu, mikilvægi þess og hvernig það virkar. Ungmennin auka þekkingu sína og skilning á málefnum sveitarfélagsins og sjá hvernig

þau geta haft áhrif til góðs. Þátttaka þeirra eykur einnig skilning á virði kosningaréttarins og mikilvægi þess að nýta hann og getur þannig hjálpað til við að auka kosningabátttöku. Með því að þau taki þátt í lýðræðinu á unga aldri aukum við jafnframt líkurnar á að þau verði virk á fullorðinsárum.

Innsýn í lýðræðislegt ferli byggir upp traust næstu kynslóða til stjórnsýslunnar og eykur samfélagskennd þeirra. Þau geta verið lykillinn að því að mynda brú frá stjórnsýslunni ekki bara til yngri hópa samfélagsins heldur allra hópa í gegnum víðara tengslanet sitt.

## Fjölbreyttari sjónarmið - betri ákvarðanir

Með nýrri kynslóð fáum við ný sjónarmið að borðinu og frumlegar hugmyndir. Alþekkt er að því fleiri sjónarmið, því upplýstari og betri verður ákvarðanataka. Að auki endurspeglar hún þá frekar samfélagið allt, ekki bara hluta þess.

Unga fólkið okkar er framtíðin. Eins og sjá má af tillögum frá þinginu eru þau meðvituð um mikilvæg málefni sem varða framtíðina, á borð við menntun og geðheilbrigði. Það er því rökrétt að þau taki þátt í umræðu og ákvörðunum í þeim málum og fleiri. Ungmennin okkar búa einnig oft yfir meiri þekkingu og skilningi á ýmsum málaflokkum, s.s. sjálfbærni og tækni, en við sem eldri erum. Sú þekking er okkur dýrmæt og mikilvægt að nýta.

## Hæfni og þekking

Virkt þátttaka í stjórnsýslunni eykur hæfni unga fólksins okkar í þáttum eins og gagnrýnni og lausnamiðaðri hugsun, samskiptum, samvinnu og leiðtogaþæfileikum. Öll þessi hæfni er mikilvæg í námi, starfi og persónulegu lífi. Jafnframt má ætla að sjálfsmynd þeirra og sjálfsöryggi styrkist.

## Tillaga

Í ljósi ofangreinds leggur undirrituð til að samráð og samstarf stjórnsýslunnar við börn og ungmenni verði augin til muna. Gott skref hefur verið tekið með Ungmennaráði og núverandi fyrirkomulagi. Af framkvæmd Barna- og ungmennapingsins og niðurstöðum þess má glögglega sjá að kominn er tími á að taka þá vinnu á næsta stig með því að vinna með unga fólkinu okkar á virkari hátt. Næsta skref er að það sé ekkert um börnin okkar og ungmenni, án barnanna okkar og ungmenna.

Til að mynda mætti sjá fyrir sér samstarfs- og samráðshópa Ungmennaráðs og nefnda og ráða Reykjanesbæjar og þannig fá innlegg unga fólksins okkar í hin ýmsu málefni sveitarfélagsins. Þannig tryggðum við t.d. samstarf um hluti eins og fræðslu- og menntamál, lýðheilsu og velferð. Atvinnumál eru einnig stór framtíðar málaflokkur er varðar unga íbúa Reykjanesbæjar. Í ljósi ákalls um betri upplýsingagjöf mætti sjá fyrir sér upplýsinga- og kynningarhóp sem starfaði með

markaðsstjóra Reykjanesbæjar að öflugri upplýsingagjöf um allt það sem börnin okkar og unglिंगana varðar.

Rétt er þó að, í samræmi við ofangreint um að virkja þátttöku ungmennanna okkar, að þau sjálf vinni tillögur að fyrirkomulagi virkara samstarfs, með öðrum hagaðilum. Því leggur undirrituð til að í framhaldi af þinginu verði haldinn vinnufundur Ungmennaráðs, nefnda og ráða stjórnsýslunnar og sviðsstjóra. Á þeim fundi verði mótað nánara samstarf ráðsins og stjórnsýslunnar og fyrirkomulag sem tryggði virkari þátttöku ungra íbúa kannski líka hugsa út frá getu þeirra. Ekki gleyma hópnum með greiningar að þau fái líka rödd í þessu. Reykjanesbæjar í hinum ýmsu málefnum sveitarfélagsins. Gerð yrði aðgerðaráætlun sem hrint yrði í framkvæmd hið fyrsta.

Með þessu höfum við hjá Reykjanesbæ ekki bara tækifæri til að bæta samfélagið okkar heldur einnig að brjóta blað í sögu lýðræðislegrar þátttöku. Þannig getum við orðið fyrirmynd annarra sveitarfélaga og haft áhrif til góðs ekki bara í okkar bæjarfélagi heldur um land allt.

Undirrituð leggur til að Sjálfbærniráð beiti sér fyrir ofangreindum aðgerðum.

Reykjanesbæ, 22. mars 2024



**Þórunn K. Jónsdóttir**

Fulltrúi xB í Sjálfbærniráði Reykjanesbæjar